

# FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi

Erindi nr. P 138/1118

komudagur 4.3.2010

Nefndasvið Alþingis  
b/t viðskiptanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

3. mars 2010

Tilvísun: 2010020015

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, 343. mál.**

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs, dags. 3. febrúar sl., þar sem viðskiptanefnd Alþingis óskaði eftir umsögn Fjármálaeftirlitsins um frumvarp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum, 343. mál.

Af þessu tilefni kemur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi athugasemdum á framfæri. Orðalagsbreytingar eru hér eftir skálettraðar.

## 1. gr. frumvarpsins

Í 1. gr. frumvarpsins er að finna skilgreiningar á nokkrum hugtökum er koma fyrir í lögnum.

Skilgreining á hugtökunum „náin tengsl“ og „hópur tengdra viðskiptamanna“ er í samræmi við skilgreiningu hugtakanna í tilskipun Evrópusambandsins nr. 2006/48. Í framangreindum hugtökum er vísað til yfírráða. Telur Fjármálaeftirlitið rétt að hugtakið „yfírráð“ sé jafnframt skilgreint í lögum. Í 9. tölul. 4. gr. framangreindrar tilskipunar er að finna skilgreiningu á hugtakinu og leggur Fjármálaeftirlitið til nýjan málslið 5. tölul. 1. gr. svohljóðandi: „*Yfírráð: Yfírráð eru tengsl milli móðurfélags og dótturfélags eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og félags.*“ Aðrir töluliðir frumvarpsins myndu breytast til samræmis.

Í 6. tölul. er að finna skilgreiningu á hugtakinu „framkvæmdastjóri“. Nánar tiltekið er með hugtakinu átt við einstakling sem stjórn fjármálafyrirtækis ræður til þess að standa fyrir rekstri þess, burtséð frá starfsheiti að öðru leyti. Fjármálaeftirlitið leggur til smávægilega breytingu á orðalagi ákvæðisins. Leggur Fjármálaeftirlitið að skilgreining á hugtakinu verði svohljóðandi: „*Framkvæmdastjóri: Einstaklingur sem stjórn fjármálafyrirtækis ræður til þess að standa fyrir daglegum rekstri þess, burtséð frá starfsheiti að öðru leyti.*“

Þá má benda á að vísað er til hugtaksins „lykilstarfsmaður“ í frumvarpinu, nánar tiltekið í 17., 38. og 39. gr. frumvarpsins, án þess að hugtakið sé skilgreint. Í athugasemdum við 38. gr. frumvarpsins kemur fram að Fjármálaeftirlitinu sé ætlað að skilgreina það hverjir teljast lykilstarfsmenn fjármálafyrirtækja. Jafnframt segir að nærtækt gæti verið að skilgreina lykilstarfsmann sem aðila í stjórnunarstarfi sem hefur veruleg áhrif á ákvarðanir um rekstur eða fjárfestingar. Í ljósi þess að um er að ræða íþyngjandi ákvæði fyrir viðkomandi aðila er að mati Fjármálaeftirlitsins nauðsynlegt að hugtakið lykilstarfsmaður sé skilgreint í lögum. Leggur Fjármálaeftirlitið til að í 1. gr. frumvarpsins bætist eftirfarandi skilgreining á eftir

núverandi 6. tölul. 1. gr. frumvarpsins: „Lykilstarfsmaður: Einstaklingur sem vegna stöðu sinnar hjá fjármálafyrirtæki getur haft veruleg áhrif á ákvarðanir um rekstur eða fjárfestingar þess.“ Aðrir töluliðir myndu breytast til samræmis.

#### **4. gr. frumvarpsins**

Í 4. gr. frumvarpsins er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að takmarka starfsemi einstakra starfsstöðva fjármálafyrirtækja. Fjármálaeftirlitið lýsir yfir ánægju sinni með það.

Fjármálaeftirlitið vill árétta að eftirlitið vantar frekari heimildir til að beita mildari úrræðum en afturköllun starfsleyfis. Þannig telur Fjármálaeftirlitið að nauðsynlegt sé að eftirlitið fái heimildir til að takmarka einstakar starfsheimildir tímabundið, hvort sem um starfsleyfis skylda starfsemi sé að ræða skv. 3. gr. laga nr. 161/2002 eða aðrar starfsheimildir skv. IV. kafla laganna.

Leggur Fjármálaeftirlitið því til að ákvæðið verði svohljóðandi: „Fjármálaeftirlitinu er heimilt að takmarka starfsemi einstakra starfsstöðva fjármálafyrirtækja telji það sérstaka ástæðu til. Því er enn fremur heimilt að setja einstaka starfsstöðvum fjármálafyrirtækis sérstök skilyrði fyrir áframhaldandi starfsemi. Þá er Fjármálaeftirlitinu heimilt að takmarka tímabundið starfsemi fjármálafyrirtækis sem því er heimilt að stunda, í heild eða að hluta, hvort sem hún er starfsleyfis skyld eða ekki, telji stofnunin sérstaka ástæðu til.“

Framangreint myndi auka núverandi heimildir Fjármálaeftirlitsins til að takmarka starfsheimildir fjármálafyrirtækja telji eftirlitið sérstaka ástæðu til. Þar með væri heimild til takmörkunar á starfsheimildum skýrari en áður. Heimildin væri þar með ekki bundin við að takmarka starfsemi einstakra starfsstöðva heldur tæki takmörkunin til allra starfsstöðva viðkomandi fjármálafyrirtækis. Fjármálaeftirlitið telur sér nauðsynlegt að hafa slíkt mildara úrræði sé að mati eftirlitsins nauðsynlegt að takmarka starfsemi fjármálafyrirtækis, án þess að fyrir liggi að skilyrði afturköllunar starfsleyfis að hluta sé uppfyllt skv. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 161/2002. Í samræmi við stjórnsýslulög og vandaða stjórnsýsluhætti þyrfti Fjármálaeftirlitið að sjálfsgöðu að rökstyðja slíka ákvörðun og gæta andmælaréttar.

Samkvæmt frumvarpinu er fyrirsögn 4. gr. frumvarpsins „Takmörkuð afturköllun starfsleyfis.“ Fjármálaeftirlitið leggur til að fyrirsögn ákvæðisins verði svohljóðandi: „Takmörkun á starfsemi fjármálafyrirtækis.“ Að mati Fjármálaeftirlitsins samræmist sú fyrirsögn betur efnisinnihaldi ákvæðisins.

#### **5. gr. frumvarpsins**

Í 5. gr. frumvarpsins er kveðið á um lágmarks hlutafé/stofnfé og lágmarks fjárhæð eiginfjárgrunns fjármálafyrirtækis. Í 1.-6. mgr. 5. gr. er kveðið á um lágmarks hlutafé/stofnfé einstakra tegunda fjármálafyrirtækja. Jafnframt segir í athugasemdum við ákvæðið að um sé að ræða kröfur um hlutafé og stofnfé sem ávallt er skylt að uppfylla. Fjármálaeftirlitið bendir á að þetta er ekki í samræmi við 10. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2006/48. Þar er gert ráð fyrir að við starfsleyfisveitingu þurfi hlutafé/stofnfé að ná tilgreindum mörkum en eftir að fjármálafyrirtækið hefur hafið starfsemi sé það eiginfjárgrunnurinn sem að líta ber til.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er ekki nauðsynlegt að hlutafé/stofnfé fjármálafyrirtækja sé ávallt yfir mörkunum heldur er æskilegt að fjármálafyrirtæki geti notað hlutafé/stofnfé til myndunar á annars konar eigin fé. Í tilviki sparisjóða er ljóst að ekki er endilega betra að stofnfé sé sem hæst. Í ljósi framangreinds leggur Fjármálaeftirlitið til að 5. gr. frumvarpsins verði

svohljóðandi:

„Lágmarks hlutafé/stofnfé fjármálafyrirtækis við veitingu starfsleyfis er eftirfarandi:

Hlutafé viðskiptabanka og lánaþyrirtækis og stofnfé sparisjóðs skal að lágmarki nema 5 milljónum evra (EUR).

Hlutafé rafeyrisfyrirtækis skal að lágmarki nema 1 milljón evra.

Hlutafé verðbréfafyrirtækis skal að lágmarki nema 730 þúsundum evra.

Hlutafé verðbréfafyrirtækis sem hefur ekki starfsheimildir til að stunda viðskipti fyrir eigin reikning eða sinna sölutryggingu fjármálagerninga og hefur a.m.k. eina af starfsheimildum a–c-liðar þessarar málsgreinar, ásamt því að fara með vörslur fjármuna eða fjármálagerninga viðskiptavinar skal að lágmarki nema 125 þúsundum evra:

- a. móttöku og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga,
- b. framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina eða
- c. eignastýringu.

Hlutafé verðbréfamiðlunar skal að lágmarki nema 50 þúsundum evra.

Hlutafé rekstrarfélags verðbréfasjóða skal að lágmarki nema 125 þúsundum evra.

Hlutafé skal hækka um sem nemur 0,02% af eignum verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem rekstrarfélagið rekur og eru umfram 250 milljónir evra. Hlutafé skv. 1. og 2. másl. þarf þó ekki að fara yfir 10 milljónir evra. Með eignum rekstrarfélags samkvæmt þessari málsgrein skal telja eignir verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.

Sé hlutafé eða stofnfé skv. 1. mgr. skráð í íslenskum krónum skal miða við opinbert viðmiðunargengi (kaupgengi) eins og það er skráð hverju sinni.

Óski fjármálafyrirtæki eftir nýju starfsleyfi skal bókfært eigið fé í stað hlutafjár eða stofnfjár ekki nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1. mgr.

Eiginfjárgrunnur fjármálafyrirtækis skv. 84. og 85. gr. má á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en kveðið er á um í 1. gr.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt þessari grein.“

## **6. gr. frumvarpsins**

Í 6. gr. frumvarpsins segir að innri endurskoðun sé hluti af skipulagi fjármálafyrirtækja og þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Fjármálaeftirlitið leggur til orðalagsbreytingu svohljóðandi: „Innri endurskoðun skal starfa óháð öðrum deildum í skipulagi fjármálafyrirtækja og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Fjöldi starfsmanna innri endurskoðunardeildar skal endurspegla stærð fjármálafyrirtækis og starfsemi þess.“

Þá kemur fram í 6. gr. frumvarpsins að enginn starfsmaður innri endurskoðunardeildar megi vera hluthafi í viðkomandi fjármálafyrirtæki eða aðili að kaupaukakerfi sem kann að vera í viðkomandi fjármálafyrirtæki. Það skortir þó viðurlög sé brotið gegn ákvæðinu.

Í 6. gr. segir jafnframt að „áður en að forstöðumaður endurskoðunardeildar tekur formlega til starfa skuli tilkynna ráðningu hans til Fjármálaeftirlitsins sem metur hæfi viðkomandi og gerir stjórn fjármálafyrirtækis grein fyrir niðurstöðum sínum“. Að mati Fjármálaeftirlitsins væri æskilegra að eftirlitið gæti tekið hæfi forstöðumanns endurskoðunardeildar til sérstakrar skoðunar teldi eftirlitið vafa leika á hæfi viðkomandi af einhverri ástæðu, hvort sem er í upphafi starfs eða síðar. Fjármálaeftirlitið leggur því til að lokamálsliður 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi: „Fjármálaeftirlitið getur hvenær sem er tekið hæfi forstöðumanns endurskoðunardeildar til sérstakrar skoðunar telji stofnunin tilefni til þess,

s.s. ef vafi er talinn leika á hæfi hans.“ Sem dæmi mætti nefna að vegna tengsla forstöðumannsins við stærstu hluthafa bankans eða stjórnarmenn gæti verið ástæða til að draga hæfi hans í efa.

Í 6. gr. frumvarpsins kemur fram að innri endurskoðun skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu sérstaklega og án tafar þær athugasemdir sem gerðar hafa verið og sendar stjórn. Af athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins má ráða að undir framangreint falli ekki minniháttar athugasemdir og almennar ábendingar. Að mati Fjármálaeftirlitsins mætti framangreint koma fram í frumvarpstextanum sjálfum.

#### **7. gr. frumvarpsins**

Í 7. gr. frumvarpsins kemur fram að fjármálafyrirtækjum beri að framkvæma regluleg álagspróf og skjalfesta niðurstöður þeirra. Að mati Fjármálaeftirlitsins er nauðsynlegt að forsendur slíkra álagsprófa séu jafnframt skjalfestar. Einnig telur Fjármálaeftirlitið æskilegt að niðurstöður álagsprófanna séu kynntar stjórn. Fjármálaeftirlitið leggur því til að ákvæðið verði svohljóðandi: „Fjármálafyrirtæki ber að framkvæma regluleg álagspróf og skjalfesta forsendur og niðurstöður þeirra. Niðurstöður álagsprófanna skulu kynntar stjórn.“

#### **8. gr. frumvarpsins**

Í 8. gr. frumvarpsins er fjallað um svonefnda skuldbindingaskrá. Í skránni eiga að vera aðilar með brúttóskuld sem nemur 0,25% af heildarútlánum viðkomandi fjármálafyrirtækis, enda nemi skuldin að lágmarki 750 milljónum kr. Eiga fjármálafyrirtæki að senda Fjármálaeftirlitinu uppfærða skrá miðað við hver mánaðamót.

Ljóst er að undirbúningur verkefnisins mun taka tíma, bæði hjá Fjármálaeftirlitinu og eins hjá einstökum fjármálafyrirtækjum. Í því ljósi leggur Fjármálaeftirlitið til að 17. gr. frumvarpsins taki ekki gildi fyrr en ári eftir gildistöku frumvarpsins.

Einnig bendir Fjármálaeftirlitið á að kostnaður við verkefnið mun verða töluverður, sér í lagi stofnkostnaður við það. Þannig þarf að þróa kerfi til að taka við og vinna úr upplýsingum frá einstökum fjármálafyrirtækjum. Það er rétt að áréttast að í núverandi rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins er ekki gert ráð fyrir kostnaði við þróun og hönnun kerfisins.

#### **10. gr. frumvarpsins**

Í 1. mgr. 10. gr. frumvarpsins kemur fram að Fjármálaeftirlitið setji reglur um hvað teljist eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir. Jafnframt segir í sömu málsgrein að fjármálafyrirtæki skulu hafa aðgengilegar upplýsingar um úrskurðar- og réttaráhræði viðskiptavina sinna ef ágreiningur ris milli viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis, m.a. um málskot til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Að mati Fjármálaeftirlitsins væri æskilegra að skipta greininni í tvær málsgreinar. Jafnframt má benda á að reglur um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti geta aldrei geymt tæmandi upptalningu á slíkum viðskiptaháttum.

Þá er fjallað um úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins. Að mati Fjármálaeftirlitsins væri æskilegra að hafa ákvæðið um úrskurðarnefndina í sérstöku ákvæði þar sem hún úrskurðar ekki um hvort fjármálafyrirtæki hafi farið að eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum nema sem hluta af fjárhagslegri kröfu. Leggur Fjármálaeftirlitið því til að 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins verði að 1. mgr. 19. gr. a í stað 3. mgr. 19. gr. laga nr. 161/2002. (11. gr. frumvarpsins yrði þá að 19. gr. b).

### **11. gr. frumvarpsins**

Í 11. gr. frumvarpsins kemur fram að viðskiptamaður eigi rétt á að fá upplýsingar um það hverjir hafi aflað upplýsinga um hann úr skrá yfir viðskiptamenn, hvar og hvenær upplýsinganna var aflað og í hvaða tilgangi.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er nauðsynlegt að viðskiptavinir fjármálafyrirtækja geti ekki fengið upplýsingar um það þegar upplýsinga um þá er aflað í þágu opinberra hagsmuna, s.s. við rannsókn að beiðni Fjármálaeftirlitsins, lögreglu eða skattayfirvalda. Jafnframt er nauðsynlegt að ákveðið innra eftirlit geti farið fram hjá fjármálafyrirtækjum án þess að viðskiptavinur geti fengið upplýsingar um það, t.d. vegna eftirlits með peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og eftirlits vegna hugsanlegra brota á lögum um verðbréfavíðskipti nr. 107/2008, enda ber starfsmönnum fjármálafyrirtækja að tilkynna yfirvöldum ef grunur vaknar um slík brot. Þá má benda á að ákvæðið virðist miða við að allar upplýsingar um viðskiptavini séu í einni skrá en slíkt er sjaldnast raunin hjá fjármálafyrirtækjum.

Fjármálaeftirlitið leggur því til að 3. mgr. 11. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi: „*Gera skal viðskiptamanni fjármálafyrirtækis, sem þess óskar, grein fyrir því hver ber ábyrgð á umsjón með þeim upplýsingum er kunna að vera í skránni og varða hann. Á viðskiptamaður fjármálafyrirtækis rétt á því að fá upplýsingar frá ábyrgðarmanni um það hverjir hafi aflað upplýsinga um hann úr skránni, hvar og hvenær upplýsinganna var aflað og í hvaða tilgangi. Framangreint gildir þó ekki um upplýsingar og aðgang varðandi athuganir opinberra aðila og vegna innra eftirlits hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki.*“

### **17. gr. frumvarpsins**

Í 17. gr. frumvarpsins segir: „Fjármálafyrirtæki er óheimilt að veita lán sem eru tryggð með veði í hlutabréfum eða stofnfjárbréfum útgefnum af því. Sama gildir um aðra samninga sé undirliggjandi áhætta á eigin bréf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út reglur sem undanskilja tiltekna samninga bannreglu skv. 2. málsl. enda auki þeir ekki útlánaáhættu fjármálafyrirtækis.“

Fjármálaeftirlitið leggur til smávægilega orðalagsbreytingu, þ.e. ekki verði talað um bannreglu heldur bann. Fjármálaeftirlitið leggur því til að 1. mgr. 17. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi: „*Fjármálafyrirtæki er óheimilt að veita lán sem eru tryggð með veði í hlutabréfum eða stofnfjárbréfum útgefnum af því. Sama gildir um aðra samninga sé undirliggjandi áhætta á eigin bréf. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út reglur sem undanskilja tiltekna samninga banni skv. 2. málsl. enda auki þeir ekki útlánaáhættu fjármálafyrirtækis.*“

### **18. gr. frumvarpsins**

Í 18. gr. frumvarpsins eru gerðar ýmsar breytingar á reglum um stórar áhættuskuldbindingar, sbr. 4. og 5. mgr. 18. gr. Þannig segir í 4. mgr. 18. gr. frumvarpsins: „Sé lánveiting skv. 1. málsl. 1. mgr. vegna móður- eða dótturfélags fjármálafyrirtækisins eða vegna dótturfélags, eða dótturfélaga móðurfélagsins, skulu mörkin þó vera 20% af eiginfjárgrunni lánveitanda.“ Þá segir í 5. mgr. 18. gr. frumvarpsins: „Fjármálaeftirlitið getur ákveðið lægri hlutföll en tilgreind eru í 1. og 4. mgr. fyrir einstök fjármálafyrirtæki að teknu tilliti til stærðar, eðlis og áhættu í starfsemi þeirra.“

Með tilskipun Evrópusambandsins nr. 2009/111 eru gerðar breytingar á tilskipun nr. 2006/48,

m.a. varðandi reglur um stórar áhættuskuldbindingar. Hluti af þeim breytingum felur í sér að einstökum ríkjum verður ekki lengur heimilt að setja strangari reglur um hámark áhættuskuldbindinga. Einnig er ekki lengur miðað við að samtala stórra áhættuskuldbindinga megi ekki fara yfir 800%, eins og miðað er við í núgildandi lögum og 1. gr. 18. gr. frumvarpsins. Samkvæmt tilskipuninni eiga aðildarríkin að vera búin að innleiða ákvæði hennar 31. október 2010. Ljóst er að breytingar þær sem lagðar eru til í 4. og 5. mgr. 18. gr. frumvarpsins verður ekki heimilt að hafa í lögum þegar tilskipunin hefur verið innleidd og í ljósi þess hversu stutt er þangað til að innleiða þarf tilskipunina leggur Fjármálaeftirlitið til að fallið verði frá því að lögfesta framangreind ákvæði. Jafnframt leggur Fjármálaeftirlitið til að ákvæðið um hámark samtölu fyrir stórar áhættur falli brott.

Fjármálaeftirlitið leggur því til að ákvæðið verði svohljóðandi:

*„Áhætta vegna eins viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna má ekki fara fram úr 25% af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis, sbr. 84. og 85. gr. Leiki vafi á því hverjir teljast til hóps tengdra viðskiptamanna er fjármálafyrirtæki skylt að tengja aðila saman nema viðkomandi fjármálafyrirtæki geti sýnt fram á hið gagnstæða. Með stórri áhættu er átt við þá áhættu sem nemur 10% eða meira af eiginfjárgrunni.*

*Með áhættu skv. 1. mgr. er átt við lánveitingar, verðbréfaeign, eignarhluta og veittar ábyrgðir fjármálafyrirtækis, svo og aðrar skuldbindingar gagnvart fjármálafyrirtækinu. Fari áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækis yfir þau mörk sem kveðið er á um í 1. mgr. skal*

*það tilkynnt Fjármálaeftirlitinu án tafar. Fjármálaeftirlitið getur veitt fyrirtækinu frest til að koma skuldbindingum sínum í lögmætt horf. Fjármálaeftirlitið setur nánari reglur um stórar áhættur fjármálafyrirtækja og fjármálasamsteypa.“*

#### **24. gr. frumvarpsins**

Í 24. gr. frumvarpsins er getið þeirra atriða er þurfa að fylgja tilkynningu um virkan eignarhlut. Í 12. tölul. 1. mgr. 24. gr. kemur fram að tilkynningunni skuli fylgja aðrar upplýsingar en taldar eru upp í 1-11. tölul., sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar. Er framangreint ákvæði í samræmi við núgildandi lög. Með tilskipun Evrópusambandsins nr. 2007/44 voru gerðar breytingar á tilskipun nr. 2006/48. Í tilskipun nr. 2007/44 er að finna tæmandi talningu á þeim atriðum sem Fjármálaeftirlitinu er heimilt að líta til við mat sitt á hæfi aðila til að eiga virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Jafnframt eiga aðildarríkin að útbúa lista þar sem tilgreint er hvaða upplýsinga má óska eftir til að leggja mat á eignarhaldið út frá þeim atriðum sem líta má til. Skal listinn verða opinberlega aðgengilegur. Í ljósi framangreinds leggur Fjármálaeftirlitið til að 12. tölul. 1. mgr. ákvæðisins verði svohljóðandi: „12. Aðrar upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið telur nauðsynlegar og birtir opinberlega.“

#### **25. gr. frumvarpsins**

Í 25. gr. frumvarpsins kemur fram hvaða fresti Fjármálaeftirlitið hafi til að afgreiða tilkynningu um virkan eignarhlut. Jafnframt er þar að finna ákvæði varðandi hvaða atriði Fjármálaeftirlitinu er heimilt að líta til við mat sitt á hæfi aðila til að eiga virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er hér um tvo aðskilda hluti að ræða og því leggur Fjármálaeftirlitið til að ákvæðinu verði skipt upp í tvær greinar, þ.e. 42. gr. og 42. gr. a. Þá leggur Fjármálaeftirlitið til að fram komi í ákvæðinu að í staðfestingu eftirlitsins á móttöku tilkynningar skuli koma fram hvenær tímafrestur eftirlitsins til að afgreiða tilkynninguna rennur út. Einnig er lagt til að fram komi að þær upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið óskar eftir

þurfi að skipta máli við matið og að eftirlitið geti óskað á ný eftir upplýsingum án þess þó að það rjúfi frestinn sem eftirlitið hefur til að afgreiða tilkynninguna. Er þetta í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins nr. 2007/44. Ákvæði varðandi samráð við erlend eftirlitsstjórnvöld er að finna í 26. gr. frumvarpsins. Hins vegar er þar einungis gert ráð fyrir að haft sé samráð áður en niðurstaða Fjármálaeftirlitsins er kunngerð en það er ekki í samræmi við tilskipun nr. 2007/44. Leggur Fjármálaeftirlitið því til orðalagsbreytingu á ákvæðinu auk þess sem eftirlitið telur það betur staðsett í 25. gr. frumvarpsins (verðandi 42. gr. a). Að lokum gerir Fjármálaeftirlitið breytingar varðandi röð einstakra málsgreina.

Fjármálaeftirlitið leggur til að 42. gr. verði svohljóðandi:

*„Eigi síðar en tveimur starfsdögum eftir móttöku tilkynningar skv. 40. gr. skal Fjármálaeftirlitið staðfesta móttöku hennar. Í staðfestingunni skal koma fram hvenær tímafrestur Fjármálaeftirlitsins til að afgreiða tilkynninguna, sbr. 2. mgr., rennur út. Fjármálaeftirlitið hefur sextíu starfsdaga til þess að meta hvort það telur þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut hæfan til að fara með eignarhlutinn. Telji Fjármálaeftirlitið að aflu þurfi ítarlegri upplýsinga en þeirra sem upp eru taldar í 1., sbr. 2. mgr. 41. gr. frá þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut getur það krafið viðkomandi um þær, enda skipti þau atriði máli við mat Fjármálaeftirlitsins skv. 42. gr. a. Slík krafa skal sett fram eigi síðar en fimmtíu starfsdögum eftir móttöku tilkynningar. Sé óskað eftir viðbótarupplýsingum frá viðkomandi, sbr. 1. málsl., bætist bið eftir upplýsingunum við dagafjölda skv. 2. mgr., þó ekki umfram tuttugu starfsdaga. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að óska aftur eftir frekari upplýsingum. Slík beiðni hefur þó ekki áhrif á tímafrestinn.“*

Fjármálaeftirlitið leggur til að 42. gr. a verði svohljóðandi:

*„Fjármálaeftirlitið leggur mat á hvort sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut sé hæfur til að eiga eignarhlutinn með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fjármálafyrirtækis. Skal mat Fjármálaeftirlitsins grundvallast á öllum eftirfarandi atriðum:*

- 1. Orðspori þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut.*
- 2. Orðspori og reynslu þess sem mun veita fjármálafyrirtækinu forstöðu komi til hinna fyrirhuguðu kaupa eða aukningar eignarhlutar.*

- 3. Fjárhagslegu heilbrigði (e. financial soundness) þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í fjármálafyrirtækinu, einkum með tilliti til þess reksturs sem fjármálafyrirtækið hefur, eða mun hafa, með höndum.*

- 4. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni torvela eftirlit með hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki eða hafa áhrif á hvort það muni fylgja lögum og reglum sem um starfsemi þess gilda. Við mat á því skal m.a. horft til fyrri samskipta þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut við Fjármálaeftirlitið og/eða önnur stjórnvöld, til þess hvort staða fjármálafyrirtækisins í hópi fyrirtækja sem það mun tilheyra kunni að mati Fjármálaeftirlitsins að hindra það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum og hvort lög og reglur, sem gilda um þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut, hindra eðlilegt eftirlit.*

- 5. Hvort ætla megi að eignarhald þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut muni leiða til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, eða geti aukið líkur á að slíkt athæfi verði látið viðgangast innan hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis.*

*Ef sá sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut er fjármálafyrirtæki eða váttryggingafélag með starfsleyfi í öðru aðildarríki eða móðurfélag slíks aðila eða einstaklingur eða lögaðili sem hefur yfirráð yfir slíkum aðila, og ef félagið sem þessi aðili hyggst öðlast virkan eignarhlut í yrði dótturfélag hans eða lyti yfirráðum hans í kjölfar*

*öflunar þessara eignarhluta, skal Fjármálaeftirlitið hafa samráð við viðeigandi eftirlitsstjórnvöld í samræmi við 3. mgr. 2. gr. við mat sitt.“*

### **26. gr. frumvarpsins**

Í 26. gr. frumvarpsins er kveðið á um tilkynningu Fjármálaeftirlitsins telji eftirlitið aðila ekki hæfan til að fara með eignarhlut í fjármálafyrirtæki.

Fjármálaeftirlitið leggur til að 3. másl. 2. mgr. 26. gr. frumvarpsins færist í 25. gr. frumvarpsins (sjá athugasemdir við 25. gr. frumvarpsins). Þá leggur Fjármálaeftirlitið til að við 26. gr. frumvarpsins bætist ákvæði varðandi áhrif þess að ekki er hægt að meta hæfi aðila vegna þess að viðkomandi skilar ekki inn upplýsingum og tímafrestur Fjármálaeftirlitsins er að renna út. Þá leggur Fjármálaeftirlitið til að núverandi 2. másl. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 161/2002 verði bætt við 26. gr. frumvarpsins en frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvæðið falli brott. Í 43. gr. laga nr. 161/2002 er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti sett tiltekin skilyrði fyrir samþykki á umsókn um virkan eignarhlut. Telur Fjármálaeftirlitið afar mikilvægt að heimildin verði áfram til staðar. Að mati Fjármálaeftirlitsins samræmist slíkt ákvæði tilskipun Evrópusambandsins nr. 2007/44, svo lengi sem skilyrðin séu til að koma til móts við atriði sem Fjármálaeftirlitinu ber að líta til við mat sitt. Má benda á að ef framangreindar heimildar hefði ekki notið við er óvíst hvort hægt hefði verið að samþykkja virka eignarhluti í nýju viðskiptaböndunum. Að lokum leggur Fjármálaeftirlitið til að tilvísun til „virkra daga“ verði breytt í „starfsdaga“ til samræmis við það sem vísað er til annars staðar í frumvarpinu.

Fjármálaeftirlitið leggur til að 43. gr. verði svohljóðandi:

*„Telji Fjármálaeftirlitið þann sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut ekki hæfan til þess að fara með eignarhlutinn skal það tilkynna viðkomandi um það. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja niðurstöðu sína fyrir viðkomandi.*

*Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins skv. 1. mgr. skal vera skrifleg og tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut eigi síðar en tveimur starfsdögum eftir að niðurstaðan lá fyrir. Liggi niðurstaða Fjármálaeftirlitsins ekki fyrir innan þess tímafrests sem kveðið er á um í 42. gr. skal litið svo á að Fjármálaeftirlitið hafi ekki athugasemdir við fyrirætlanir þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut í hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki.*

*Ef upplýsingar frá tilkynnanda eru ófullnægjandi að mati Fjármálaeftirlitsins getur það bannað kaupin eða aukninguna enda telji eftirlitið ekki unnt leggja mat á hæfi. Skal niðurstaðan rökstudd.*

*Telji Fjármálaeftirlitið vafa leika á hæfi þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhluta er því þó heimilt að setja skilyrði fyrir því að viðkomandi fjárfestingu sé ekki hafnað, m.a. að viðkomandi grípi til ráðstafana í því skyni að takmarka skaðleg áhrif af eignarhaldi sínu. Skilyrði þessi skulu koma fram í staðfestingu Fjármálaeftirlitsins til þess sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut um að það setji sig ekki upp á móti fyrirhugaðri fjárfestingu.“*

### **28. gr. frumvarpsins**

Í 28. gr. frumvarpsins er kveðið á um áhrif þess ef aðili tilkynnir ekki fyrirfram um að hann hyggist eignast eða auka við virkan eignarhlut.

Þannig er í 28. gr. frumvarpsins gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið tilkynni um brottfall atkvæðisréttar til fjármálafyrirtækis. Þar sem Fjármálaeftirlitið hefur ekki alltaf upplýsingar um að aðili hafi öðlast eða aukið við virkan eignarhlut leggur Fjármálaeftirlitið til að orðalagi ákvæðisins verði breytt á þann veg að eftirlitið tilkynni um brottfall atkvæðisréttarins ef



eftirlitið fær vitneskju um kaupin eða aukninguna. Fjármálaeftirlitið leggur því til að 2. másl. ákvæðisins verði svohljóðandi: „*Fjármálaeftirlitið tilkynnir viðkomandi fjármálafyrirtæki um brottfall atkvæðisráttarins fái stofnunin vitneskju um kaupin eða aukninguna.*“

Í 28. gr. frumvarpsins er einnig gert ráð fyrir að berist tilkynning ekki innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið krafðist tilkynningar geti eftirlitið krafist þess að viðkomandi selji þann hluta eignarhlutarins sem er umfram það sem hann átti áður. Um er að ræða breytingu frá 45. gr. laga nr. 161/2002 en þar er gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið geti einungis krafist sölu á þeim hlut sem er umfram leyfileg mörk, þ.e. það sem telst virkur eignarhlutur. Þannig getur skipt máli hvað viðkomandi átti áður. Sem dæmi mætti nefna að ef aðili1 ætti 5% hlut og keypti síðan 4% og strax eftir það 2% gæti Fjármálaeftirlitið einungis krafist þess að hann seldi 2% en ef aðili2 hefði átt 5% og síðan keypt 6% gæti Fjármálaeftirlitið krafist þess að hann seldi 6%. Eftir slíka ákvörðun gætti því aðili1 átt 9% en aðili2 aðeins 5% þrátt fyrir að báðir hefðu vanrækt að senda inn tilkynningu um virkan eignarhlut. Þá má benda á ákveðið ósamræmi milli 28. og 29. gr. frumvarpsins varðandi sölu á eignarhlut. Þannig er í 29. gr. frumvarpsins einungis gert ráð fyrir að aðili sem kaupir eða eykur við sig virkan eignarhlut þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi komist að þeirri niðurstöðu að viðkomandi sé ekki hæfur selji þann hluta sem er umfram lágmark þess sem telst virkur eignarhlutur. Fjármálaeftirlitið leggur því til að 2. másl. ákvæðisins verði svohljóðandi: „*Berist tilkynning hlutadeigandi ekki innan fjögurra vikna frá því að Fjármálaeftirlitið krafðist tilkynningar getur það krafist þess að hann selji þann hluta eignarhlutarins sem er umfram leyfileg mörk.*“

### **30. gr. frumvarpsins**

Í 30. gr. frumvarpsins er kveðið á um hömlur á meðferð eignarhlutar meðan tilkynning um virkan eignarhlut er til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu. Ákvæðið er ekki að finna í núgildandi lögum.

Í fyrri másl. 30. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að kaup á virkum eignarhlut komi ekki til framkvæmda gagnvart fjármálafyrirtæki fyrr en tímafrestur Fjármálaeftirlitsins til að taka málið til skoðunar er liðinn eða niðurstaða Fjármálaeftirlitsins liggur fyrir, hafi eftirlitið tekið tilkynningu um hin fyrirhuguðu kaup eða aukningu til frekari skoðunar. Ekki er ljóst af orðalagi ákvæðisins hvort viðkomandi fari með þann hlut sem ekki telst virkur eignarhlutur, þ.e. allt að 10%, eða að mörkum þess virka eignarhlutar er hann hefur þegar fengið heimild til að eiga á meðan. Í því sambandi telur Fjármálaeftirlitið rétt að benda á að ef viðkomandi fer ekki með eignarhlut að mörkum virks eða næsta virka eignarhlutar getur skipt máli hvað viðkomandi átti áður. Þannig gæti aðili1 sem átti 9% en keypti svo 2% ennþá farið með 9% hlut en sá sem átti 2% en keypti svo 9% gæti einungis farið með 2% hlut. Að mati Fjármálaeftirlitsins á slíkt ekki að skipta máli. Í raun væri með því verið að hvetja aðila til að kaupa sig upp að mörkum virks eignarhlutar áður en viðkomandi keypti hlut er leiddi til þess að hann færi yfir mörkin.

Í síðari másl. 30. gr. frumvarpsins kemur fram að á meðan Fjármálaeftirlitið hefur ekki tilkynnt um niðurstöðu sína, eða tímafrestur eftirlitsins til þess er ekki liðinn, er þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut óheimilt að taka þátt í ákvörðunum um grundvallarbreytingar á fjárhagslegri stöðu, eignauppbyggingu, rekstri, starfsemi og innri starfsreglum nema að fengnu sérstöku samþykki Fjármálaeftirlitsins. Ekki er ljóst af orðalagi ákvæðisins hvort viðkomandi fari með þann hlut sem viðkomandi átti áður eða ekki.

### **33. gr. frumvarpsins**

Í síðari málsl. 33. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði varðandi heimildir Fjármálaeftirlitsins til að krefjast gagna og upplýsinga til að meta hvort fyrirhugaður eigandi virks eignarhlutar teljist hæfur til að fara með eignarhlutinn.

Sambærilegt ákvæði er nú að finna í 2. mgr. 107. gr. laga nr. 161/2002. Ekki virðist hins vegar gert ráð fyrir því í frumvarpinu að það ákvæði falli brott. Að mati Fjármálaeftirlitsins er óþarfi að hafa ákvæðið á tveimur stöðum í lögnum og leggur Fjármálaeftirlitið því til að annað ákvæðið falli brott. Í því sambandi vill Fjármálaeftirlitið benda á að í 2. mgr. 107. gr. laga nr. 161/2002 er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til krefjast hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtækjum í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. VI. kafla. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir slíkri heimild í 33. gr. frumvarpsins.

Þá er rétt að benda á að samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins nr. 2007/44 er Fjármálaeftirlitinu einungis heimilt að óska upplýsinga sem varða þau atriði er eftirlitinu er heimilt að líta til við matið. Verður að skilja tilvísun til hvers konar gagna og upplýsinga með það í huga. Leggur Fjármálaeftirlitið til orðalagsbreytingu á 33. gr. frumvarpsins í því ljósi.

Verði niðurstaðan sú að fella 2. mgr. 107. gr. laga nr. 161/2002 brott leggur Fjármálaeftirlitið til að 33. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi:

*„Fjármálaeftirlitið getur krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem eiga eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtæki í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu skv. VI. kafla og nauðsynlegra upplýsinga til að meta hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut samkvæmt þessum kafla. Fjármálaeftirlitið getur krafist sömu upplýsinga frá einstaklingum eða lögaðilum sem hafa selt eignarhlut eða haft milligöngu um viðskipti með eignarhlut. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu til þess að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.“*

### **35. gr. frumvarpsins**

Í 35. gr. frumvarpsins kemur fram að framkvæmdastjórar og stjórnarmenn hjá fjármálafyrirtækjum þurfi að uppfylla tiltekin hæfisskilyrði. Jafnframt er Fjármálaeftirlitinu ætlað að setja reglur um hvernig staðið skuli að hæfismati þessara aðila. Samkvæmt 7. mgr. 35. gr. frumvarpsins skulu fjármálafyrirtæki tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á félagsstjórn og framkvæmdastjórn og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum greinarinnar sé fullnægt. Að mati Fjármálaeftirlitsins er nauðsynlegt að eftirlitið geti gripið til ráðstafana ef því berast ekki nauðsynlegar upplýsingar til að leggja mat á hæfi viðkomandi. Leggur Fjármálaeftirlitið því til að 7. mgr. ákvæðisins verði svohljóðandi: *„Fjármálafyrirtæki skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á félagsstjórn og framkvæmdastjórn og skulu tilkynningunni fylgja fullnægjandi upplýsingar til að hægt sé að meta hvort skilyrðum greinarinnar sé fullnægt. Ef upplýsingar frá tilkynnanda eru ófullnægjandi að mati FME getur það bannað stjórnarsetuna enda telji það ekki unnt að leggja mat á hæfi viðkomandi stjórnarmanns.“*

### **40. gr. frumvarpsins**

Í 40. gr. frumvarpsins er lagt til að 77. gr. laga nr. 161/2002 falli brott. 77. gr. hefur að geyma undanþágu frá reglum um lágmarks fjárhæð eiginfjárgrunns skv. 8., sbr. 1. mgr. 14. gr. laganna.

Að mati Fjármálaeftirlitsins gæti þurft að gefa þeim sparisjóðum sem í dag falla undir undaþágu 1. mgr. 77. gr. laga nr. 161/2002 einhvern tíma til að koma eiginfjárstöðu sinni yfir mörk 14. gr. laganna. Því leggur Fjármálaeftirlitið til að 40. gr. frumvarpsins taki ekki gildi fyrr en um næstu áramót.

#### **43. gr. frumvarpsins**

Í 43. gr. frumvarpsins kemur fram að óheimilt sé að kjósa sama endurskoðunarfyrtæki oftar en fimm ár í röð.

Til að taka af allan vafa að ekki er heldur heimilt að kjósa sama endurskoðanda oftar en fimm ár í röð leggur Fjármálaeftirlitið til að ákvæðið verði svohljóðandi: „Óheimilt er að kjósa sama endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki oftar en fimm ár í röð.“

#### **45. gr. frumvarpsins**

Í 44. gr. frumvarpsins er að finna yfirlit yfir þau ákvæði laga nr. 161/2002 er varða stjórnvaldssektum.

Í 6. gr. frumvarpsins er lagt bann við að starfsmenn innri endurskoðunardeildar séu hluthafar í viðkomandi fjármálafyrirtæki eða aðilar að kaupaukakerfi sem kann að vera í viðkomandi fjármálafyrirtæki. Brot á framangreindu varðar þó ekki stjórnvaldssektum skv. 45. gr. frumvarpsins.

Í 11. gr. frumvarpsins er lögð á fjármálafyrirtæki sú skylda að upplýsa viðskiptamenn sem þess óska hver beri ábyrgð á umsjón með þeim upplýsingum er kunna að vera í skráum viðkomandi fjármálafyrirtækis og varða hann. Jafnframt á viðskiptamaður fjármálafyrirtækis rétt á því að fá upplýsingar frá ábyrgðarmanni um það hverjir hafi aflað upplýsinga um hann úr skránni, hvar og hvenær upplýsinganna var aflað og í hvaða tilgangi. Brot á framangreindu varðar þó ekki stjórnvaldssektum skv. 45. gr. frumvarpsins.

Fjármálaeftirlitið leggur því til að stjórnvaldssektarheimild vegna brota á framangreindum ákvæðum verði bætt í 45. gr. frumvarpsins. Leggur Fjármálaeftirlitið til að 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi: „4. 16. gr. um að enginn starfsmaður innri endurskoðunardeildar megi vera hluthafi í viðkomandi fjármálafyrirtæki eða aðili að kaupaukakerfi sem kann að vera í viðkomandi fjármálafyrirtæki.“

Jafnframt leggur Fjármálaeftirlitið til að 9. tölul. 1. mgr. 45. gr. frumvarpsins verði svohljóðandi: „9. 19. gr. a (eða b) um að veita viðskiptamanni tiltekna upplýsingar.“

Breytingar yrðu gerðar á öðrum tölul. 1. mgr. 45. gr. frumvarpsins til samræmis.

#### **48., sbr. 49 gr. frumvarpsins**

Í ákvæði til bráðabirgða VI er að finna heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að grípa inn í rekstur fjármálafyrirtækis til að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Samkvæmt 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI fellur ákvæðið úr gildi 1. júlí 2010.

Samkvæmt b-lið 48. gr. frumvarpsins er lagt til að ákvæði til bráðabirgða VI falli brott. Jafnframt kemur fram í 49. gr. frumvarpsins að b-liður 48. gr. öðlist gildi 31. desember 2010. Þrátt fyrir gildistökuákvæðið mun ákvæði til bráðabirgða VI falla úr gildi 1. júlí 2010 þar sem ekki er lögð til breyting á 8. mgr. ákvæðisins. Þannig nær gildistökuákvæði 49. gr.

frumvarpsins ekki tilgangi sínum. Í ljósi framangreinds leggur Fjármálaeftirlitið til að 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða VI sé breytt á þann veg að í stað 1. júlí 2010 komi 31. desember 2010. Jafnframt yrði síðari másl. 49. gr. frumvarpsins felldur niður.

### Annað

#### Þagnarskylda fjármálafyrirtækja

Í 1. mgr. 58. gr. laga nr. 161/2002 er að finna ákvæði um þagnarskyldu fjármálafyrirtækja varðandi upplýsingar um viðskiptamenn þeirra. Að mati Fjármálaeftirlitsins fylgir þagnarskyldan upplýsingunum skv. 2. mgr. 58. gr. laga nr. 161/2002, óháð því hvort þagnarskyldum upplýsingum sé miðlað löglega eður ei. Fjármálaeftirlitið telur þannig að ef starfsmaður fjármálafyrirtækis brýtur gegn þagnarskyldunni með miðlun upplýsinga um viðskiptamann til utanaðkomandi þriðja aðila sé sá þriðji aðli bundinn þagnarskyldu. Hins vegar virðist settur ríkissaksóknari telja að þagnarskylda fylgi ekki upplýsingum sem miðlað er með slíkum hætti.

Að mati Fjármálaeftirlitsins er mikilvægt að viðskiptamenn fjármálafyrirtækja geti treyst því að trúnaður ríki um þær viðkvæmu upplýsingar sem fjármálafyrirtæki búa yfir um þá og varða viðskipta- eða einkamálefni þeirra. Þannig er ófært að engin viðurlög séu við því að birta slíkar upplýsingar í fjölmiðlum og á netinu. Réttara væri að það væri lagt í hendur dómstóla að meta í hverju tilviki fyrir sig hvort e-h atvik réttlæti miðlun slíkra upplýsinga.

Til að taka af allan vafa um þagnarskylduna leggur Fjármálaeftirlitið til að 2. mgr. 58. gr. laganna verði svohljóðandi: „*Sá sem veitir viðtöku upplýsingum sem falla undir þagnarskyldu 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu með sama hætti og þar greinir, hvort sem upplýsingunum hefur verið miðlað með lögmaetum eða ólögmaetum hætti. Hafi upplýsingum skv. 1. mgr. verið miðlað opinberlega eru þeir aðilar sem þannig öðlast upplýsingarnar ekki bundnir þagnarskyldu Sá aðili sem veitir upplýsingar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.*“

#### Fjöldi slitastjórnarmanna

Í 101. gr. laga nr. 161/2002 er að finna ákvæði varðandi skipun slitastjórnar. 4. mgr. 101. gr. laganna er svohljóðandi: „Þegar dómsúrlausn hefur gengið um að fjármálafyrirtæki sé tekið til slita skipar héraðsdómari því slitastjórn sem í skulu sitja allt að fimm menn. Við skipun hennar tekur hún við þeim réttindum og skyldum sem stjórn fyrirtækisins og hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda höfðu á hendi, sbr. þó 3. mgr. 103. gr. Að því leyti sem ekki er mælt fyrir á annan veg í lögum þessum gilda reglur um skiptastjóra við gjaldþrotaskipti um slitastjórn, störf hennar og þá menn sem eiga sæti í henni.“

Í ljósi kostnaðar sem er samfara fjölmennri slitastjórn og til að auðvelda slit minni fjármálafyrirtækja leggur Fjármálaeftirlitið til að á eftir 1. másl. 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002 komi 2. másl. svohljóðandi: „*Þó skal almennt skipa einn mann í slitastjórn fjármálafyrirtækis sem hefur starfsleyfi sem rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki eða verðbréfamíðlun.*“

Fjármálaeftirlitið telur að við slit á slíkum fyrirtækjum sé nægilegt að skipa einn mann, sbr. skiptastjóra í þrotabúi. Við slit á stærri fjármálafyrirtækjum er hins vegar nauðsynlegt að fleiri séu skipaðir. Í ljósi þessa leggur Fjármálaeftirlitið til að tekið sé sérstaklega fram um skipun á einum manni vegna framangreindra fyrirtækja.

### Lokaorð

Ljóst er að verði frumvarpið óbreytt að lögum mun það hafa umtalsverðan kostnað í för með sér fyrir Fjármálaeftirlitið. Sérstaklega hvað varðar smíði kerfis til að halda utan um skuldbindingaskrá samkvæmt 8. gr. frumvarpsins. Þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir auknu eftirliti Fjármálaeftirlitsins með fjármálafyrirtækjum auk þess sem að eftirlitinu er ætlað að setja fjölda reglna. Sem dæmi skal nefna að Fjármálaeftirlitið þarf að útbúa lista sem hefur geyma nánast tæmandi talningu á þeim upplýsingum sem eftirlitið telur nauðsynlegt að fá í tengslum við mat á hæfi aðila til að eiga virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Þetta mun allt kalla á aukin stöðugildi hjá Fjármálaeftirlitinu. Mikilvægt er að framangreint sé haft í huga við afgreiðslu frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Ragnar Hafliðason



Arný J. Guðmundsdóttir